

Aðalfundur 2021 - fundargerð

Haldinn í netheimum í gegnum Teams, 29. apríl 2021, m.a. vegna Covid-19.

Fundur settur 10:00 – Erpur Snær Hansen formaður setti fund og skipaði í embætti hans. Aðalsteinn Örn Snæþórsson meðstjórnandi var fundarstjóri og Kristín Ágústsdóttir utan stjórnar var ritari.

Forstöðumenn sem voru mættir:

Erpur Snær Hanssen, Náttúrustofa Suðurlands
Kristín Ágústsdóttir, Náttúrustofa Austurlands
Kristín Hermannsdóttir, Náttúrustofa Suðausturlands
Sindri Gíslason, Náttúrustofa Suðvesturlands
Róbert Arnar Stefánsson, Náttúrustofa Vesturlands
Sigurður Halldór Árnason, Náttúrustofa Vestfjarða
Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Náttúrustofa Norðausturlands
Bjarni Jónsson Náttúrustofu, Norðurlands vestra var fjarverandi.

Aðalfundurinn var opinn öllum starfsmönnum náttúrustofa: Áslaug Lárusdóttir, Náttúrustofu Austurlands og Lilja Jóhannesdóttir Náttúrustofu Suðausturlands voru mættar.

1. liður - Skýrsla stjórnar

a) Róbert Arnar Stefánsson, formaður SNS 2020, flutti skýrslu stjórnar fyrir seinni hluta ársins 2020, eða frá síðasta aðalfundi (sjá fylgiskjal 1).

b) Erpur Snær Hansen formaður SNS 2021, flutti skýrslu stjórnar fyrstu mánuði ársins 2021, eða frá áramótum að aðalfundi (sjá fylgiskjal 2).

Skýrslur voru samþykktar samhljóða.

2. liður – Afgreiðsla reikninga 2020

Kristín Hermannsdóttir gjaldkeri kynnti ársreikning 2021. Lykiltölur:

Rekstrartekjur 400.920 kr. Rekstrargjöld 45.130 kr. Hagnaður 291.174 kr. Eigið fé í lok árs var 676.563 kr. Engar skuldir eru til staðar. Skoðunarmenn reikninga hafa samþykkt þá. Reikningar samþykktir.

3. liður - Lagabreytingar

Róbert lagði til að 5. gr. c sem snýr að rekstraráætlun verði felld úr lögnum, enda mjög erfitt að sjá fyrir kostnað vegna fundahalda og annars til framtíðar. Eftir sem áður sé sjálfsagt að gera áætlanir ef farið verður í sérstök verkefni. Greinin sem lagt er til að verði felld út í heilu lagi er svohljóðandi:

„c) Í nóvembermánuði ár hvert gerir stjórn samtakanna rekstraráætlun og sendir aðildarstofum til staðfestingar. Sami háttur skal hafður á ef nauðsynlegt er að taka upp rekstraráætlun á starfsárinu vegna sérstakra verkefna eða aðstæðna“

Tillagan borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

Undir þessum lið var rætt um það fyrirkomulag að hafa stjórnarskipti um áramót og að flutt sé skýrsla tveggja formanna á aðalfundi. Fyrirkomulagið hefur sína kosti og galla, en ákveðið var halda því óbreyttu. Ein rökin með núverandi fyrirkomulagi eru að ef stjórnarskipti miða við áramót er tryggt að allir séu jafnlengi í stjórn, óháð tímasetningu aðalfundar að vori, eða jafnvel að hausti.

4. liður - Kosning stjórnar

Breytingar urðu á stjórn snemma á starfsárinu 2021 þar sem Þorkell Lindberg Þórarinnsson lét af störfum sem forstöðumaður Náttúrustofu Norðausturlands um áramótin. Aðalsteinn Örn Snæþórsson, nýr forstöðumaður Náttúrustofu Norðausturlands, tók við hans störfum í stjórn SNS.

„Í framboði“ (samkvæmt reiknireglu) fyrir árið 2022 voru Kristín Ágústsdóttir, Róbert Arnar Stefánsson og Aðalsteinn Örn Snæþórsson. Þau taka við af núverandi stjórn áramótin 2021-2022 og verður Aðalsteinn Örn kjörinn formaður strax á miðnætti á gamlárskvöld. Búast má við miklu húllumhæi og flugeldum vegna þessa víða um land. Rætt var um nauðsyn þess að allir í þriggja manna stjórn taki virkan þátt í starfi hennar, en eins og áður verður áfram víðtækt samstarf við alla forstöðumenn um flest mál.

Samþykkt samhljóða í takt við reikniregluna góðu.

5. liður – Skýrslur vinnuhópa og fulltrúa í nefndum:

ÞjargSjófuglar (í hópnum voru Lindi og Róbert).

Í fjarveru Linda kynnti Aðalsteinn Örn verkefnið eins og það er unnið undir stjórn Náttúrustofu Norðausturlands. Í máli hans kom fram að myndavélum verður fjölgað um þrjár í ár þar sem bætt verður við vélum í Grímsey, á Látrabjargi og Hælavíkurbjargi. Þá var sett ný vél í Elliðaey þar sem sú sem fyrir var skemmdist.

Erpur benti á að í fyrra var ákveðið að breyta nafni hópsins í Sjófuglar og bæta Erpi, Einari, Sindra og Hálfðáni inn í hópinn. Aðalsteinn leggur til að Yann komi inn í stað Linda.

Facebook hópur (Kristín H. og Áslaug).

Áslaug gerði grein fyrir störfum hópsins. Skýrsla hópsins er svohljóðandi: Við hvetjum hverja stofu til að viðhalda því að bæta inn í sameiginlega fésbókarhópinn sínu fólki og eða taka út eftir því sem við á. Varðandi sameiginlega fésbókarsíðu (like síðu) þá teljum við það ekki nauðsynlegt, það er vinna að halda slíku lifandi og ekki auðvelt að setja það upp, slík síða veiðir ekki sjálfkrafa efni eins og vefurinn SNS. Aftur á móti leggjum við til að settir verði hlekkir á heimasíðu SNS sem stytta leiðina inn á fésbókarsíður stofanna. T.d. fésbókar táknið síðan textinn „Náttúrustofur á samfélagsmiðlum“ og nöfn stofanna aðgengilegt og auðvelt að „klikka“. Eins er auðvelt að búa til viðburði saman þegar þess gerist þörf.

Erpur ræddi um viðbót við wordpress viðmótið að pikka upp fréttir af Facebook. Margir tóku til máls undir þessum lið, m.a. Lilja og Kristín H. sem vörpuðu m.a. fram þeirri spurningu hversu mikið við viljum hafa SNS sýnilegt. Menn sammála um að reyna að halda merki stofanna á lofti frekar en SNS.

Sindri ræddi vandamál við feed af síðum yfir á SNS síður. M.a. það að myndir skila sér ekki með fréttum frá öllum stofum. Ákveðið að ræða við Snerpu og fá lýsingu á hvernig best sé að stilla feedið (rss)

Menn sammála að byrja á að setja hlekkir á Fb síður stofanna, en ekki gera sérstaka síðu fyrir SNS. Samþykkt að breyta heiti hópsins í **Samfélagsmiðlahópur**.

Vatnshlotshópur (Sindri og Erlín skipuð af ráðherra).

Hópurinn ber yfirskriftina *Ráðgjafanefnd fagstofnana og eftirlitsaðila vegna framkvæmdar laga um stjórn vatnamála*. Ráðherraskipar nefndarmenn til 3 ára í senn. Fyrir hönd SNS sitja þau Sindri Gíslason (Náttúrustofa Suðvesturlands) - aðalfulltrúi og Erlín Emma Jóhannsdóttir (Náttúrustofa Austurlands) - varafulltrúi. Sindri og Erlín sitja í nefndinni til 2022. Berglind Orradóttir (Landbúnaðarháskólanum) er formaður nefndarinnar og Eydís Salome Eiríksdóttir (Hafrannsóknastofnun) varaformaður. Tveir fundir voru haldnir á tímabilinu 2020–2021 (milli ársfunda), þ.e. 4. júní 2020 og 25. nóvember 2020. Báðir fundir haldnir á Teams sökum Covid-19.

- Á fundinum 4. júní var sameiginlega fundað með ráðgjafanefnd hagsmunaaðila og ráðgjafanefnd fagstofnanna og eftirlitsaðila. Vinnuhópur um mikið breytt vatnshlot kynnti skýrslu um tilnefningu á manngerðum og mikið breyttum vatnshlotum. Jafnframt var farið yfir stöðum mála varðandi vöktunaráætlun.
- Á fundinum 25. nóvember kynnti Umhverfisstofnun vinnuna við fyrstu drög vatnaáætlunar, aðgerðaráætlunar og vöktunaráætlunar. Hafrannsóknastofnun, Veðurstofu Íslands og Náttúrufræðistofnun kynntu svo sameiginlega skýrslu um vistfræðileg viðmið straum- og stöðuvatna á Íslandi.

Ánægjulegt er að segja frá því að í nóvember 2020 náðist að setja vatnaáætlun ásamt aðgerðaráætlun, vöktunaráætlun og umhverfisskýrslu vatnaáætlunar í 6 mánaða opinbera kynningu. Allar nánari upplýsingar má sjá á vefsíðunni www.vatn.is.

Fagráð um Náttúruminjaskrá (Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir og Kristín Ágústsdóttir til vara)

Ekki lengur starfandi, hópurinn lagður niður.

Skýrsla vinnuhóps um ágengar tegundir (Menja, Sindri og Róbert)

Þrenningin tekur þátt í ýmsum alþjóðlegum samstarfsverkefnum um ágengar tegundir. Þar á meðal mynda þau íslenskan hluta norræns hóps sérfræðinga um ágengar tegundir, sem vinnur að því að taka saman til birtingar gögn um stöðu mála á Norðurlöndum, undir stjórn Laura Verbrugge hjá Háskólanum í Helsinki. Vorið 2020 var lokið við gerð gagnagrunns um birtar heimildir um framandi tegundir á Íslandi, en í þeim gagnagrunni má finna 122 heimildir. Sumarið 2020 var einnig tekin saman frumskýrsla um samfélags- og efnahagsleg áhrif framandi tegunda á Íslandi, sem stendur til að nýta í áframhaldandi vinnu við vísindagrein um efnið.

Að frumkvæði Menju var stofnaður íslenskur sérfræðingahópur um ágengar tegundir (ÍSÁT). Í hópnum sitja, auk þeirra Menju, Róberts og Sindra, þau Kristín Svavarsdóttir, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Ása Aradóttir, Pawel Wasowicz og Snorri Sigurðsson. Fyrsta verkefni hópsins er að uppfæra tegundalista um framandi tegundir á Íslandi, ásamt því að skipta þeim í skaðlausar, mögulega ágengar eða ágengar. Vinnan hefur farið hægt af stað vegna anna hópmeðlima en það stendur vonandi til bóta.

Samráðsnefnd um sjálfbærar veiðar (Hálf dán og Kristín H.)

Fundinum barst skýrsla frá Hálf dani sem Kristín Á. las upp á fundinum. Skýrslan var svohljóðandi: Hálf dán H. Helgason hefur setið sem fulltrúi SNS í samráðsnefnd um sjálfbærar veiðar síðan í október 2019 en Kristín Hermannsdóttir hefur setið sem varamaður en ekki hefur þurft að kalla hana til. Óánægju hefur gætt og gætt með stjórnun og starfshætti nefndarinnar. Fundir eru fyrst og fremst nýttir til að ræða stöðu og tilgang nefndarinnar sjálfrar, afgreiðslu umsókna og stöðuskýrsla eftir takmarkaða meðferð. Litlar breytingar hafa orðið á starfsemi nefndarinnar þrátt fyrir að nýtt fólk hafi tekið þar sæti í lok árs 2019 auk þess sem fyrirhuguð ný löggjöf um veiðar og vernd villtra dýra hefur aukið á óvissu um framtíð nefndarinnar. Fundargerðum hefur verið ábótavant en samt sem áður hafa þær farið batnandi. Meginmarkmið og tilgangur nefndarinnar eru óljós og afurðir nefndarinnar eru engar nema fljótaafgreiðslur á umsögnum um styrkumsóknir og stöðuskýrslur og er það miður. Því skal

haldið til haga að töluverður vilji virðist vera hjá nefndarfólki og starfsmönnum UST að bæta starfshætti en téð óvissa um tilgang og markmið nefndarinnar þvælast fyrir. Nefndin hefur núna leitast við að vera í betri samskiptum við verkefnastjóra m.a. með kynningarfundum í febrúar 2021 og er stefnt að því að halda almenna kynningarfundum á þeim verkefnum sem að hafa hlotið brautargegni í umsóknum til nefndarinnar. Engar áætlanir eru þó uppi um að fara yfir þau málefni sem tengjast veiðistjórnun almennt né heldur að skoða hvar forgangsraða þyrfti fjármunum til rannsókna, né heldur að auglýsa eftir styrkjum

Erpur og Róbert kvöddu sér hljóðs um störf nefndarinnar.

Samþykkt að vísa til stjórnar að koma á samtali milli styrkþega, NÍ og UAR, m.a. um hvernig megi nýta nefndina og afurðir hennar (rannsóknir) betur við veiðistjórn.

Fiskeldishópur – (Erlín og Margrét).

Hópurinn var stofnaður til að samræma vinnuaðferðir og þar hefur farið fram samtal á milli Austurlands og Vestfjarða.

Samstarf milli NAVE og NA gott meðal starfsmanna sem þar starfa að fiskeldi. Engin ástæða til að halda úti sérstökum hópi um málið, en áfram unnið í góðu samstarfi.

Lagt til að hópurinn verði lagður niður, hann má þá stofna á ný ef þörf krefur.

Mófuglahópur- (Alli, Hálfván, Lilja og Lindi)

Alli ræddi stöðu hópsins, en ekki lá skýrsla fyrir fundinum. Þessi hópur hefur ekkert starfað á árinu og Lindi er genginn úr skaftinu. Samstarf hefur ekkert verið, en talið ágætt að þessi hópur sé til. „Vonum að við gerum einhvern tíma eitthvað“.

Fiðrildahópur – (Alli er einn í hópnum eftir að Erpur óskaði eftir því á síðasta aðalfundi að ganga úr hópnum).

Alli tók til máls. Engin skýrsla lá fyrir fundinum. Ekkert var gert árið 2020, nema hvað fiðrildavöktun náttúrustofa, NÍ o.fl. hélt áfram. Engu að síður er það mat Alla að gott sé að hafa þennan hóp starfandi áfram. Hann ræddi um þau gögn sem safnast hafa og mikilvægi þess að koma þeim gögnum á framfæri með einhverjum hætti í samstarfi við Náttúrufræðistofnun. Mikilvægt að hafa Erling með í þeirri vinnu. Mikil samlegðaráhrif í gögnum allra stofa til að sjá heildarmynd. Alli óskaði eftir tilnefningu aðila inn í hópinn frá þeim stofum sem eru með vöktun.

Sigurður tók til máls og spurðist fyrir um fjármagn, fyrirkomulag til framtíðar og eign gagna. Róbert tók einnig til máls og ræddi um hversu spennandi gögnin eru orðin og lagði til að mögulega væri gott að fá líftölfræðing, t.d. nema til að vinna úr þessum gögnum. Sindri tók undir það og lagði áherslu á mikilvægi þess að fá t.d. doktorsnema sem gætið unnið úr gögnunum til birtingar með samstarfi við Erling. Kristín H., Kristín Á. og Alli tóku einnig til máls og m.a. rætt um breytingar á ljósi í gildirur.

Ákveðið að Róbert, Kristín, Sindri, Sigurður og Erlín gangi til liðs við Alla í hópnum. Erpur lýsir sig áhugasaman um að vera í hópi sem snýr að frekari úrvinnslu gagnanna.

Einnig ákveðið að Alli yrði í forsvari fyrir hópinn t.d. varðandi breytingar á búnaði og möguleg næstu skref til úrvinnslu gagnanna.

Samráðshópur um endurskoðun laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum (Menja).

Menja gerði endurtekið ýmsar athugasemdir við frumvarpið meðan það var í vinnslu hjá ráðuneytinu og SNS sendi einnig athugasemdir í ágústlok. Búið er að leggja fram frumvarpið á Alþingi og er það nú til meðferðar hjá umhverfis- og samgöngunefnd. Bæði Menja og SNS skiluðu inn umsöknum til

nefndarinnar, en frestur til þess rann út 09.02.2021. Málið er nú hjá nefndinni og ekki er byrjað að boða í viðtöl. Óljóst er hvort takast muni að ganga frá frumvarpinu og fá það samþykkt fyrir kosningar. Erpur vék af fundinum kl. 11:49, en hafði gert grein fyrir afstöðu sinni varðandi 7.lið.

6. liður – Kosning skoðunarmanna reikninga

Áslaug Lárusdóttir og Guðrún Óskarsdóttir hafa verið skoðunarmenn og staðið sig vel. Þeim er þakkað fyrir störf sín. Þær voru endurkjörnar í starfið.

7. liður - Ákvörðun um árgjöld og/eða önnur framlög.

Lagt var til að árgjald félagsins verði óbreytt 50.000 kr. Var það samþykkt.

8. liður – Önnur mál

Næsti aðalfundur SNS verður haldinn í Bolungarvík vorið 2022. Svaka partý og svakafundur.

Fundi slitið kl. 12:00 Aðalsteinn Örn sleit fundi f.h. Erps



Kristín Ágústsdóttir, ritari fundarins.

Aðalfundur Samtaka náttúrustofa, netfundur 29. apríl 2021

Starfsskýrsla formanns frá 29. apríl til 31. desember 2020

Stjórn

Árið 2020 skipuðu stjórn Erpur Snær Hansen (Náttúrustofu Suðurlands), Kristín Hermannsdóttir (gjaldkeri, Náttúrustofu Suðausturlands) og Róbert A. Stefánsson (formaður, Náttúrustofu Vesturlands).

Fundir forstöðumanna á tímabilinu

Aðalfundur ársins 2020 var smár í sniðum vegna heimsfaraldursins. Aðeins forstöðumenn og fáeinir aðrir starfsmenn funduðu og var það gert í gegnum fjarfundabúnað þann 29. apríl 2020. Fundargerð má finna á heimasíðu SNS: https://sns.is/arsskyrslur_og_adalfundargerdir/skra/48/.

Þótt þriggja manna stjórn fari fyrir SNS er venjan að ræða flest mál í hópi allra forstöðumanna. Á tímabilinu var haldinn einn formlegur fundur forstöðumanna og fór hann fram í gegnum fjarfundabúnað þann 10. nóvember.

Umsagnir

Á tímabilinu gerði SNS umsagnir vegna eftirfarandi mála:

- Áform um friðlýsingu Gerpissvæðisins í Fjarðabyggð, 1. desember 2020.
- Frumvarp um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni), 18. september 2020.
- Drög að frumvarpi um breytingu á lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 31. ágúst 2020.

Umsagnirnar má lesa á heimasíðu SNS, https://sns.is/umsagnir_sns/umsagnir_fra_2020/.

Samráðsnefnd um náttúrustofur

Í rekstrarsamningum sveitarfélaga og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, sem tóku gildi 2019, er kveðið á um samráðsnefnd um náttúrustofur. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið fer með formennsku í nefndinni og enn hefur ekki verið boðað til fundar, sem þó átti að gera að lágmarki tvisvar á ári skv. rekstrarsamningunum. Samtök náttúrustofa gagnrýndu þetta á fundi með ráðherra 21. janúar 2020 og fóru fram á að boðað yrði til fundar í samráðsnefndinni hið fyrsta. Nokkru síðar óskaði ráðuneytið eftir tilnefningum hlutaðeigandi í samráðsnefndina. Náttúrustofurnar brugðust hratt við og tilnefndu forstöðumenn Náttúrustofu Austurlands og Vesturlands í nefndina þann 14. febrúar 2020. Ríflega 14 mánuðum síðar hefur ekki enn verið boðað til fundar.

Vöktun náttúruverndarsvæða

Á fyrri hluta ársins 2020 fór fram mikill undirbúningur vegna fyrsta framkvæmdaárs í samstarfsverkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands, náttúrustofa o.fl. um vöktun náttúruverndarsvæða. Vinnan átti að hefjast vorið 2020 en samningar lágu ekki fyrir fyrr en þegar langt var liðið á júní. Talsverð vinna fór í að gæta hagsmuna náttúrustofanna við endanlegan frágang samninganna.

Sameiginlegir gagnagrunnar


Hólmgrímur Helgason, umsjónarmaður gagnagrunna hjá CAFF á Akureyri kynnti GBIF (*Global Biodiversity Information Facility*) fyrir náttúrustofunum í fjarfundi þann 14. maí 2020.

Þróun fjárveitinga

Undanfarin ár hafa náttúrustofur þrýst á ráðherra og þingmenn um að hækka framlag ríkisins til náttúrustofanna vegna þeirrar óheillavænlegru þróunar sem varð á þeim eftir hrún. Framlögin höfðu dregist verulega saman og jukust ekki aftur þegar betur áraði hjá ríkissjóði.

Haustið 2020 var áfram hamrað á mikilvægi þess að auka fjárveitingar til náttúrustofanna og það sett í samhengi við fjárveitingar til atvinnuskapandi verkefni víða um land til að vinna gegn neikvæðum áhrifum heimsfaraldursins. M.a. var bent á að hjá náttúrustofunum væri launakostnaður hátt hlutfall heildarkostnaðar og að jafnvægi væri í kynjahlutfalli starfsfólks, öfugt við mörg af atvinnuskapandi verkefnum stjórnvalda, sem kæmu sér oft betur fyrir karla en konur. Þann 5. nóvember 2020 sendi SNS bréf til allra þingmanna þar sem málið var reifað og hvatt til stuðnings við náttúrustofurnar. Að auki voru settar fram hugmyndir um fjölmörg ný stöðugildi á náttúrustofunum. Til að fylgja þessu eftir sendi formaður bréf til fjárlaganefndar þann 11. nóvember, þar sem óskað var eftir 12 millj. kr. hækkun fjárveitingar til hvernar náttúrustofu. Þetta skilaði þeim ánægjulega árangri að framlagið var hækkað um 6 millj. kr. til hvernar stofu í fjárlögum ársins 2021.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink that reads 'Róbert A. Stefánsson'.

Róbert A. Stefánsson,
forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands
og formaður Samtaka náttúrustofa 2020

Starfsskýrsla formanns frá 1. janúar til 29. apríl 2021

Fundir

Hefð er fyrir sameiginlegum fundum forstöðumanna þótt stjórn sé skipuð þremur forstöðumönnum hverju sinni, með þessu fyrirkomulagi fæst breiður grundvöllur fyrir alla ákvarðanatöku. Þann 24. febrúar var haldinn netfundur með þátttöku allra forstöðumanna utan Náttúrustofu Norðurlands vestra, þar sem m.a. var rætt um að setja sameiginlegar umsagnir frá SNS á vefsíðu SNS. Einnig voru stilltir saman strengir um vöktun náttúruverndarsvæða undir álagi ferðamanna og annað tilfallandi.

Umsagnir

Tvær umsagnir voru sendar til Alþingis undir merkjum SNS um tvö af stærri lagafrumvörpum tengdum umhverfismálum seinni árin. Þá var gerð gangskör að því að setja þessar sem og eldri umsagnir á vefsíðu SNS að góðri fyrirmynd Náttúrufræðistofnunar Íslands. Sendar voru umsagnir um frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð (mál nr. 369) og um frumvarp að nýjum villidýralögum (mál nr. 368) á 151. löggjafarþingi veturinn 2020-2021.

Virðingarfyllt,

Erpur Snær Hansen,
forstöðumaður Náttúrustofu Suðurlands og
formaður Samtaka náttúrustofa